

Fundur haldinn í Landbúnaðarnefnd Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, fimmtudaginn 4. maí 2017 klukkan 14.00. Fundinn sátu Steinþór Björnsson formaður, Guðný Gréta Eyþórsdóttir og Baldur Gunnlaugsson. Guðný Gréta ritaði fundargerð. SB stjórnaði fundi.

1. Erindi frá Guðnýju Jónsdóttur núverandi ábúnanda í Hamarsseli um kaup á ríkisjörðinni Hamarsseli.
2. Refa og minkaveiði.

Landbúnaðarnefnd fór í Hamarssel og skoðaði byggingar og ræktað land. Landbúnaðarnefnd sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við ástand húsa/og ræktunar á jörðinni og ásýnd jarðarinnar almennt. Landbúnaðarnefnd telur, eftir skoðun á mannvirkjum á jörðinni að að hún hafi verið vel setin og umhirða í góðu lagi.

Refaveiði.

Landbúnaðarnefnd fór yfir umsóknir um refaveiði 2017 og leggur til að Eiður Gísli verði ráðinn á svæði 1 og 2. Sigurjón Stefánsson á svæði 3. Skúli Benediktsson á svæði 4. Í Djúpavogshreppi. Landbúnaðarnefnd leggur einnig til að greiðsla fyrir hlaupadýr verði hækkað í 7.000 kr. Að öðru leiti verði sama fyrirkomulag og á síðasta ári.

Minkaveiði.

Landbúnaðarnefnd mælir með að Snorri Rafnsson verði ráðinn til að sjá um minkaveiði í Djúpavogshreppi 2017.

Fundargerð lesin upp, prentuð út og samþykkt.

Fundi slitið 16.15

Steinþór Björnsson
Guðný Gréta Eyþórsdóttir
Baldur Gunnlaugsson